



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Norðurþing
Sigurdís Sveinbjörnsdóttir
aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Akureyri, 1. nóvember 2022
MÍ202210-0042/ 6.08 / S.G.

Umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030

Með tölvupósti sendum 11. október 2022 óskaði aðstoðarmaður skipulags- og byggingarfulltrúa Norðurþings eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á Aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 sem felur í sér heimild fyrir lagningu á jarðstreng frá tengivirki við Þeistareyki og að Kópaskerslínu 1. Meðfylgjandi var sameiginleg skipulagslýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og Norðurþings dagsett 19. ágúst 2022.

Fyrirhugað er að leggja jarðstreng þvert yfir sveitarfélagamörk. Gerð er ein lýsing fyrir aðalskipulagsbreytingar sveitarfélaganna beggja þar sem skörun verkefnanna er óvirk mjög mikil og er umsögn Minjastofnunar því einnig samhljóma. Fyrirhugaður jarðstrengur verður 7,8 km langur og lagður í vegkanti gamla Þeistareykjavegarins frá tengivirki við Þeistareyki, til norðurs að Kópaskerslínu. Meðfram strengnum þarf að leggja sand, sem sóttur verður í nálægar námur.

Í kafla 2.3. og Náttúruvernd og minjar segir að engar þekktar fornminjar séu á svæðinu.

Margar fornleifaskráningar hafa verið unnar á Þeistareykjasvæðinu bæði af Fornleifastofnun Íslands (FSI) og Fornleifavernd ríkisins (forvera Minjastofnunar). Árið 2021 var unnin skýrsla af FSI sem heitir: *Fornleifar á Þeistareykjum: Samantekt um þekktar fornleifar*. Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Orri Vésteinsson Reykjavík 2021. Fs835-20491. Þar voru tekin saman gögn úr eldri skráningarverkefnum og uppmælingar Fornleifaverndar felldar saman við eldri hnitagögn á svæðinu. Samhliða samantektinni var

farið yfir loftmyndir af svæðinu í leit að áður óþekktum minjum og gerð tilraun til að teikna upp slíkar minja og yfirfæra eldri teikningar inn í landshnitakerfi.

Í ljósi fjölda skráninga á svæðinu og eðli verkefnisins telur stofnunin ekki þörf á endurskoðun fornleifaskráningar vegna þessarar framkvæmdar. Afstaða minja og línulagna verður skoðuð betur þegar Minjastofnun fær verkefnið inn til umsagnar á síðari stigum í skipulagsferlinu eða þegar framkvæmdaleyfi kemur inn til umsagnar. Þá verður tekin afstaða til þess hvort grípa þarf til sérstakra ráðstafana til að vernda þær fornleifar sem eru nálægt framkvæmdasvæðinu.

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) stendur m.a.:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit sent:
Skipulagsstofnun